

Bláskógabyggð
Félagsheimilið, Aratungu
806 Selfoss

Garðabær, 7. janúar 2025
Málsnúmer: 202412-0035
BK

Efni: Stórholt 2 – Tillaga á vinnslustigi vegna aðalskipulagsbreytingar

Vísað er í tölvubréf sem barst í gegnum Skipulagsgátt, dags. 12. desember 2024, þar sem Bláskógabyggð óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna vinnslutillögu á aðalskipulagsbreytingu fyrir Stórholt 2. Breytingin felur í sér að svæði sem áður var skilgreint sem landbúnaðarsvæði verður skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Stefnt er að því að gróðursetja tré á svæðinu og bjóða þar upp á gistingu í smáhýsum en skógrækt er nú þegar til staðar vestan svæðisins. Skipulagssvæðið er um 3,48 ha.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellið hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum.

Umrætt svæði er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum.¹ Talningar á Suðurlandi benda til þess að fækkun sé að eiga sér stað hjá nokkrum tegundum og gætu umsvif mannsins átt þar hlut að máli.²

Í grennd við skipulagssvæðið er þéttleiki vaðfugla mjög mikill. Frístundahús og hár trjágróður fela ekki eingöngu í sér beint búsvæðatap fyrir vaðfugla heldur fylgja slíku einnig neikvæð jaðaráhrif sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra tegunda er lægri nær þessum einkennum en fjær og gætir áhrifanna í töluverðri fjarlægð frá þeim.^{3,4}

Skipulagssvæðið sem hér um ræðir er þó lítið og ber nokkur merki rasks. Þá má gera ráð fyrir að neikvæð jaðaráhrif á vaðfugla séu nú þegar til staðar vegna skógræktar á aðliggjandi landi vestan svæðisins. Hins vegar virðist syðsti hluti svæðisins vera votlendur og ætti að forðast frekara rask þar.

¹ Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

² <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

³ Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. Journal of Applied Ecology, 59(10): 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

⁴ Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. Animal Conservation. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur

